

Lokaverkefni til BA-gráðu í myndlist

Útskriftarverk og lokaritgerð

Lokaverkefni til BA-gráðu í myndlist

Ágústa Gunnarsdóttir

Vorönn 2017

YOUR BEST LIFE ANYWAY

Geinargerð um útskriftarverk til BA-gráðu í myndlist

Ágústa Gunnarsdóttir

Kt.: 180292-2259

Leiðbeinendur útskriftarverks: Hekla Dögg Jónsdóttir

Bjarki Bragason

Carl Boutard

Vorönn 2017

„YOUR BEST LIFE ANYWAY” samanstendur af fjórum fundnum textum úr mismunandi áttum, sá fyrsti verandi titillinn sjálfur. Síðan er textabrotið „ATTENTION FREE OF GRAVITY“ skrifað í steypu og loks eru tvær myndbandsupptökur af mér að skrifa fyrst orðin „YOU KEEP THAT COOL EXTERIOR“ í snjóinn og síðan „ACCEPT CHANGE“ í sandinn, þessum myndböndum er síðan varpað á tvo veggj sitt hvoru megin við horn, með skúlptúrinn á milli þannig þeir mynda einskonar þríhyrning¹. Það er vani hjá mér að skrifa niður setningar sem ég gríp á lofti og kalla til mín, og þegar ég gekk inn í ferlið fyrir þetta verk safnaði ég öllum þessum brotum saman og valdi út viðeigandi textabrot. Allir koma þeir því úr mismunandi áttum - sumir þeirra eru ákaflega persónulegir á meðan aðrir koma jafnvel úr forrituðum tölvuheimi. Í gegn um ferlið aftengjast þeir sínu upprunalega samhengi. Textarnir hringsóla einn á eftir öðrum með athygli áhorfenda, þeir skapa og afskapa þýðingu sína stöðugt en titillinn er þó alltaf utanumhaldið og leiðarstefið. Saman kristalla þessi textabrot ákveðna hugsun til þess að vinna sig í gegn um loftslags- og heimskvíða sem ég hef verið að takast á við í verkum mínum á margvísan máta.

Ég fann setningunum stað eftir merkingu, þannig er t.a.m. „ACCEPT CHANGE“ rituð í sandfjöru² og myndi því þegar gjörðin sjálf átti sér stað mást út um leið og kom flóð þann daginn. Sama á við um „YOU KEEP THAT COOL EXTERIOR“³. Hinsvegar er „ATTENTION FREE OF GRAVITY“ skrifað í steypu sem er öruggt að segja að sé tiltölulega varanleg⁴. Allar þessar hreyfingar eiga það sameiginlegt að vera ritaðar með líkamanum, ég nota engin verkfæri við sjálfa ritunina heldur er textinn bein afleyðing af mínum hreyfingum. Gjörningurinn er þá ákveðið mótvægi við íþyngjandi aðgerðaleyssið sem grípur mann í viðjum loftslagskvíðans, þetta er hrein gjörð.

Verkið er á margan hátt rökrétt framhald af mörgum minna fyrri verka, en þar hefur texti oft læðst inn án þess að ég hafi náð almennilegum tókum á honum sem verkfæri, þar er hægt að nefna t.a.m. verkið „Make sure you do the right cocaine“ sem ég vann úti í Mexíkó og textapartinn í verkinu „Jarðbundna veran þín, þú“. Ég hef þó aldrei fylgt textanum eftir á sama hátt og ég geri í þessu verki, en hér er komin inn í

¹ Sjá mynd 1. í myndaskrá.

² Sjá mynd 2. í myndaskrá.

³ Sjá mynd 3. í myndaskrá.

⁴ Sjá mynd 4. í myndaskrá.

myndina ákveðin skírskotun í Avant Garde listhefð 7. Áratugarins. Efniskenndin er jarðtengd, hverful og handgerð og kallast á við listamenn eins og til dæmis Bas Jan Ader og Ólaf Lárusson. Á safninu er staðsetning gjörninganna óljós, en upprunalegu áhorfendur þeirra eru þá þeir íbúar Grafarvogs sem ganga reglulega meðfram sjónum undir hamrinum. Við það að færa upptökuna á gjörningunum inn í safnið tapast þessi tengsl við staðinn og verkin verða almennari.

Undirliggjandi stefið í verkinu eru hugmyndir um róttæka von og bjartsýni sem ég velti fyrir mér í BA ritgerðinni minni. Þannig verður „ACCEPT CHANGE“ ekki eitthvað ákall á uppgjöf og að sætta sig við stöðuna í heiminum eins og hún er heldur einfaldlega samþykki á því hver staðan er. Einhversstaðar að er nauðsynlegt að byrja vinnuna og því fyrir sem maður getur sætt sig við þetta yfirvofandi verkefni því betra. Hinsvegar er tiltölulega auðvelt að grípa ekki þessa merkingu verksins og rambar þá verkið á einskona mörkum sem veltur að miklu leiti á athygli áhorfenda samanber hvernig fréttir um heimsmálin dynja á manni dag eftir dag í svo miklu magni að maður verður á endanum samdauna þeim.

Myndaskrá

Mynd. 1



Ágústa Gunnarsdóttir. *YOUR BEST LIFE ANYWAY*. Ljósmynd af uppsetningu á safni. 2017

Mynd 2.



Ágústa Gunnarsdóttir. *ACCEPT CHANGE*. Skjáskot úr myndbandsupptöku af gjörningi. 2017.

Mynd 3.



Ágústa Gunnarsdóttir. YOU KEEP THAT COOL EXTERIOR. Skjáskot úr myndbandsupptöku af gjörningi. 2017

Mynd 4.



Ágústa Gunnarsdóttir. ATTENTION FREE OF GRAVITY. Ljósmynd af skúlptúr í endanlegri uppsetningu í sýningarrými. 2017

Myndlistadeild

Róttæk bjartsýni

Að hugsa um heiminn með von í hjarta, þvert á rökhugsun

Ritgerð til BA gráðu í Myndlist

Ágústa Gunnarsdóttir

Vorönn 2017

Myndlistadeild

Róttæk bjartsýni

Að hugsa um heiminn með von í hjarta, þvert á rökhugsun

Ritgerð til BA gráðu í Myndlist

Ágústa Gunnarsdóttir

Kt.: 180292-2259

Leiðbeinandi: Markús Þór Andrésson

Vorönn 2017

Útdráttur

Undanfarin ár hefur listsköpun sem tengist umhverfisvernd vaxið ásmegin. Ritgerðin veltir upp ýmsum vinklum þar sem myndlist stuðlar að vitundarvakningu um umhverfismál. Einnig er list sem aktívismi almennt skoðuð frá mismunandi sjónarhornum. Spurningunni um hvort list sem einkennist af slíkri baráttu orkar nokkru marktæku er velt upp. Farið er yfir mikilvægi vonar, jákvæðni og agaðs hugsunarmáta fyrir aðgerðarsinna - þá einnig í samhengi við þann skáldskap sem myndast hefur í kringum slíkar hreyfingar í gegnum tíðina. Vitnað er í orð fræðinga, listamenn og aðgerðarsinna á borð við Plenty Coups, Donnu Haraway, Naomi Klein, Ursulu K. le Guin og þau tengd við listsköpun höfundar.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Skáldskapur og hugrekki	6
Jarðbundna veran þín, þú	8
2. Sjálfið og fjöldinn	9
Let's take a moment	11
3. Atvinnumennska í jákvæðni	13
Flatbökusamsteypan	16
Lokaorð	17
Heimildaskrá	19
Myndaskrá	21

Inngangur

Hvers virði er listsköpun umhverfisverndarsinnaðra myndlistarmanna; list sem miðar að því að betrubæta heiminn á einhvern máta? Fljótt á litið virðist hún í raun ekki hafa fengið neinu markverðu áorkað. Er hún einungis til þess að friðþægja listamenn með samviskubit yfir sínum eigin forréttindum? Talar hún eingöngu til þeirra sem þegar eru upplýstir og þurfa ekki frekari vitundarvakningar við? Hvar kemur vonin inn í? Hvers virði er hún, og hvernig ber að virkja hana sem vopn í baráttunni fyrir betri heimi? Hver er árangurinn, er hann mælanlegur, ef nokkur?

Í þessari ritgerð mun ég velta þessum spurningum fyrir mér á margvíslegan máta. Ég horfi gagnrýnum augum á mína eigin listsköpun, ekki bara sem listamaður heldur líka sem umhverfisverndarsinni. Ég mun fjalla um verk mín í ljósi hinna ýmsu listamanna og hugsuða sem annað hvort hafa tekist á við þessar sömu spurningar, eða einfaldlega unnið inn í þá hefð sem fylgir listrænni hugsun um umhverfisvernd. Ég fer einnig yfir hugmyndir sem hafa verið mér hugleiknar og varða jákvætt hugsanakerfi sem undirbýr mann undir harðindi. Þar þykir mér áhugavert að skoða hvernig takast megí á við hinar óumflýjanlegu breytingar sem eru í farvatninu. Ef til vill er þar á ferð tæki sem ég, sem listamaður með von um að hafa áhrif til góðs, get nýtt mér. Þó ekki væri nema til þess að gefast ekki upp á byrjunarreit gagnvart gríðarstöru verkefninu. Það er einmitt í hinu frjálsa formi myndlistarinnar sem svigrúm gefst til slíkra tilrauna og hugarleikfimi, þar má máta hlutina og láta sig dreyma. Þar ríkja ekki væntingar um neinar lausnir en það er ekki þar með sagt að þær geti ekki komið fram í því mengi. Ég fer yfir mikilvægi skáldskapar og ímyndunarafls í því samhengi og reyni að gera grein fyrir hlutverki þeirra eiginleika í minni eigin list.

Skáldskapur og hugrekki

Í bókinni *Radical Hope: Ethics in the Face of Cultural Devastation* fer heimspekingurinn Jonathan Lear yfir hvernig einn síðasti leiðtogi Crow indjána, Plenty Coups, þróaði með sér hugsunarhátt sem Lear kallar róttæka von.¹ Hér var maður sem stóð frammi fyrir því verkefni að leiða fólkið sitt í gegn um fullkomið niðurrif á öllum þeirra lífsháttum. Í þessu hugtaki felst það fyrst og fremst að gera sér vonir um jákvæða framtíð, þrátt fyrir að sú framtíð sé í raun langt frá því að vera í auglýn, hvað þá skiljanleg á okkar mælikvarða. Þessi óskilgreinda jákvæða framtíð gæti í raun verið fullkomlega endurskipulagt samfélag, ofar okkar skilningi, en þá er það sem skiptir máli að ala með sér þessa von til þess eins að gera sjálfum sér kleift að halda áfram þegar öll von virðist úti.

Draumur Plenty Coups veitti Crow fólkinu þá von að ef þau fylgdu visku söngfuglsins (hvað sem það myndi á endanum þýða) þá myndu þau þrauka (hvað sem það myndi þýða) og ná að halda jörðinni sinni (í hvaða mynd sem hún myndi vera). Þannig tókst Plenty Coups að miðla til fólksins síns hugsjón sem myndi hjálpa þeim að lifa af tíma huglægrar tortímingar. Sú staðreynd að þessi hugsjón hefur lifað af – það er að hugsjónin lifir enn nú á hinum enda sögunnar – ljáir lögmæti þeirri hugmynd að Crow þjóðin hafi í raun þraukað af.²

Ég tel að það megi draga ákveðinn lærdóm frá hugsanarhætti Plenty Coups, um hvernig hægt er að hugsa sér heiminn, setja sig í stellingar fyrir eitthvað sem maður vonast til að sé að finna við enda verkefnis, þó að maður viti ekki nákvæmlega hvað það verður. Bara það að vinna sig í áttina að einhverju óljósu með réttu hugarfari og „að vona“ getur verið nóg. Haustið 2014 gerði ég verkið „R.I.P.“ þar sem ég jarðaði þröst sem hafði klesst á gluggann minn og hálsbrotnað. Ég skoðaði hvernig fuglar búa til hreiður og endaði á því að vefa hreiður úr stráum fyrir hann í stað kistu³ og smyrnaði síðan veggmynd af honum⁴.

¹ Jonathan Lear. *Radical Hope: Ethics in the Face of Cultural Devastation*. Harvard University Press, 2006.

² (Þýð. höf.) „Plenty Coups's dream held out for the Crow the hope that if they followed the wisdom of the chickadee (whatever that would come to mean) they would survive (whatever that would come to mean) and hold onto their lands (whatever that would come to mean). Thus Plenty Coups bequeathed an ideal that would help the tribe tolerate a period of conceptual devastation. And the fact that this ideal has survived--that is, that a traditional ideal has a vibrant life on the other side of this abyss--lends legitimacy to the claim that the Crow have indeed survived” Sama og 1, bls. 20.

³ Mynd 1. í myndaskrá.

⁴ Mynd 2. í myndaskrá.

Ég myndaði tengingu á milli hreiðurgerðartækni fugla og smyrns. Ég endaði síðan á því að halda litla jarðarför fyrir þróstinn. Ég vissi í rauninni ekki fullkomlega hvað ég hafði í höndunum þegar þarna var að komið. Upprunalega hafði hugmyndin að þessu verki komið út frá þælingum um barnamenningu, en að jarða dýr sem verða á vegi mínum er eitthvað sem ég hef gert síðan ég var barn. Eftir á að hyggja var þetta hinsvegar einhver vísir að hugsun um náttúru og virðingu. Stað mannkynsins í og tengingu hans við umheiminn, sem ég var að reyna að fjalla um á sem minnst yfirþyrmandi máta, með ímyndunaraflið að vopni, í anda Plenty Coups. Þessar fyrstu þreifanir hafa síðan í raun reynst verða rauði þráðurinn í flestum mínum verkum.

Ímyndunaraflið er eitt mikilvægasta verkfæri mannkynsins þegar það kemur að hverskyns samfélagslegri endurhugsun. Í nýjustu bók sinni, *Staying With the Trouble*, talar Donna Haraway, sem ég vitna í hér fyrir neðan, um hvernig hægt er að ímynda sér heiminn í gegnum vísindaskáldskap og hvernig megi draga innblástur frá þessum sögum enn þann dag í dag.⁵ Þá talar hún um mikilvægi skáldskapar og sér í lagi um bækur Ursulu Le Guin frá seinni hluta níunda áratugarins en þar skrifaði Le Guin oftast en ekki út frá sjónarhorni mannfræðinga, með tiltekinn bakgrunn, sem þá upplifðu samfélög sem voru grundvallar ólík þeirra eigin. Þannig gat hún sem dæmi mátað anarkista inn í samfélag ofurkapítalista, eins og í *The Dispossessed*,⁶ og lesandinn þá upplifað í gegnum augu aðalpersónunnar hversu brenglað kapítalíska samfélagið var fyrir þeim. Heimurinn sem að Le Guin hefur skapað sér í gegnum tíðina veltur að miklu leyti á því sem hún kallar ‘grab bag theory’ sögumennska sem veltur á því að sagan snúist ekki um eina hetju sem leggur í leiðangur með ekkert á bakinu nema vopn, heldur eru hetjurnar hennar safnarar, fræðingar og kennarar frekar heldur en stríðsmenn. Þessir karakterar einkennast af öðruvísi hugrekki en við eigum að venjast og sögurnar fylgja því eftir. Við fylgjum „hetjunum” hennar inn í heim friðsælla mótmælenda í ímynduðum vísindaskáldskaparheimi, þar sem vopnin eru ræðuhöld frekar heldur en geislabyssur. (Grab bag theory veltur einnig á því að við yfirgefum að lokum hetjuna okkar fræðimanninn fyrir annað sjónarhorn, bækurnar hennar fylgja sjaldan sama sögumanni tvær bækur í röð.) Donna Haraway sýður þessa hugsun niður í aðalatriðin þegar hún talar um að það skipti máli hvaða sögur segi sögur, hvaða hugsanir hugsanir, hvaða heimar eigi heima.⁷ Þó að dauði rithöfundarins sé að miklu viðurkennd hugmynd í sögugreiningu þá felst

⁵ Donna Haraway. *Staying With the Trouble: Making Kin in the Chthulucene*. (Duke University Press, 2016), bls. 118.

⁶ Ursula K. le Guin. *The dispossessed*. Hachette UK, 2015.

⁷ Sama og 5.

kraftur sagnamennsku af þessu tagi að miklu leyti í því hvaðan sögurnar koma í gegnum hugvit og tilfinningar; hvers vegna þykir le Guin mikilvægt að fjalla um þá hluti sem hún fjallar um í sínum skáldskap? Hvers vegna rammur hún sögurnar sínar inn eins og hún gerir?

Hér getum við litið til rithöfundarins og aðgerðarsinnans Naomi Klein, en hún leggur mikla áherslu á að færa fólki ekki einungis váfréttir, heldur að það verði líka að færa fólki mögulegar lausnir⁸. Hún talar um hvað jákvæð hugsun sé gífurlega mikilvæg þegar kemur að aðgerðarhyggju - mannkynið lamast nefnilega af aðgerðaleysi við of mikla neikvæðni. Það má því segja að þær Ursula séu nokkurskonar skoðanafrænkur frekar heldur en systur, þar sem Naomi Klein er aðgerðarsinni, og þó hún sé vissulega rithöfundur verður hún seint ásökuð um að fjalla um skáldskap. Á meðan er vel hægt að kalla Ursulu le Guin aðgerðarsinna, þó að hún fáist að mestu við skáldskap. Ég hef reynt að nálgast listina mína með þessar hugmyndir um jákvæðni og mismunandi innrömmun á ákveðnum skilaboðum í huga.

Jarðbundna veran þín, þú

Ég setti verkið „*Jarðbundna veran þín, þú*” upp í sýningarrýminu Skúrnum í Listaháskólanum. Þar bjó ég til aðgengilegan ramma sem gerði fólki kleift að jarðtengja sig í bókstaflegri merkingu⁹. Að snerta mold með berum tám er ekki eitthvað sem fólk stundar endilega eftir ákveðinn aldur en er alltaf hollt að gera. Að leyfa sér að gera eitthvað undarlegt, þægilegt, en fara jafnframt út fyrir þægindarammann - hefðbundna rammann - skapar ákveðið andrúmsloft. Úr verður einhvers konar athöfn. Sumir þjappa moldinni niður, ganga í hringi inni í kassanum. Aðrir róta henni upp og reyna að skilja eftir sig sem minnst verksummerki. Þegar fleiri en einn eru komnir inn í kassann myndast ákveðin tengsl milli þátttakenda. Þeir eru ekki bara að deila þessari upplifun, heldur líka þessu litla rými sem neyðir fólk til þess að stíga lítinn dans af tillitseminni einni saman. Þegar upp úr kassanum er komið tekur við bali af heitu vatni fyrir utan sýningarrýmið. Kalt úti, heitt inni. Köld mold inni, heitt vatn úti. Ertu kominn út fyrir sýningarrýmið? Þú styður þig við bygginguna þegar þú skolar af þér moldina, fylgist með borginni iða í kringum þig. Þessi hljóðláta athöfn af óvenjulegri samveru undirstrikar á ákveðinn máta undarlegt samlífi okkar við hinn náttúrulega heim og hversu fjarlæg honum við erum í raun orðin.

⁸ Naomi Klein. *This Changes Everything: Capitalism vs. the climate*. Simon and Schuster, 2015.

⁹ Mynd 3. í myndaskrá.

Ég hugsaði verkið sem smá lúxus, smá gjöf, en jafnframt vildi ég sá þessum vísi að hugsun í huga þáttakenda. Verkið varð að einskonar náttúruhermi, þar sem það er jú hægt að bókstaflega jarðtengja sjálfan sig hvar sem er, hvenær sem er. Þannig undirstrikaði verkið fyrringuna sem er orðin samofin sambandi mannkynsins við hinn náttúrulega heim. Mannkynið sjálft er auðvitað bara hlekkur í vistkerfinu og við höfum í raun gert sjálfum okkar þann grikk að aftengja hlekkinn okkar.

Þessi meginhugtök um von, skáldskap og hugrekki; ímyndunarafli og aðgerðarhyggju einkenna á vissan hátt verkin mín. Hvort sem það hefur í gegnum tíðina verið meðvitað eða ómeðvitað, þá trúi ég því að það skipti máli að vinna verk með þessi hugtök í huga (en hér á ég við verk í listrænni og hversdagslegari merkingu orðsins). Þetta er ákveðinn hugsanaháttur sem vert er að temja sér bæði í lífi og listum.

Sjálfíð og fjöldinn

Sú hugmynd að við – sem einangraðir einstaklingar – gætum þjónað marktækum tilgangi í að koma jafnvægi á loftslag heimsins er hreinlega galin.
- Naomi Klein¹⁰

Í ræðu sem Naomi Klein hélt fyrir útskriftarárgang College of the Atlantic skólans í Maine í Bandaríkjunum árið 2015 undirstrikaði hún mikilvægi þess að taka ekki öll heimsins vandamál á sínar herðar. Hún segir sögu af ungum aðgerðarsinna að nafni Zoe Buckley Lennox sem hafði sent henni bréf þar sem hún velti því fyrir sér hvort að hún væri að gera rétta hluti í baráttunni fyrir náttúruvernd, en þegar hún sendi bréfið var hún hluti af hópi mótmælenda sem höfðu einsett sér að hægja á, ef ekki stoppa, olíuborun Shell fyrirtækisins í Kyrrahafinu. Hún sem var stödd úti á reginhafi og búin að bókstaflega staðsetja líkama sinn á milli steins og sleggju til verndar umhverfinu. Hún var að hafa áhyggjur af því hvort hún væri að gera nóg, að gera rétt.

Á svipuðum tíma, vorið 2015 mátti finna mig í miðjum kúrs um List í almenningsrými að baksa við að þrifa Grafarvoginn. Ég hafði heyrt því fleygt fram á fundi um græn svæði í Reykjavíkurborg að leirurnar í Grafarvogi væru mikilvægur áningastaður

¹⁰ (Þýð. höf.) “We can only do this together, grein f the nation/ útskriftaræða f college of the atlantic, hvernig refrensar maður þetta? The very idea that we—as atomized individuals—could play a significant part in stabilizing the planet’s climate is objectively nuts” Naomi Klein. "Climate Change Is a Crisis We Can Only Solve Together." *The Nation* 17 (2015).

fyrir fugla á heimsmælikvarða. Það að Grafarvogur hefði einhvern tilgang fyrir utan að vera svefnpláss fyrir stóran hluta borgarbúa heltók huga minn. Ég er fædd og uppalin í Grafarvogi en hafði aldrei nokkur tíma fengið einhverja vitneskju um að nærumhverfi mitt væri mikilvægt, hvað þá á heimsmælikvarða. Ég hóf að rannsaka svæðið eftir bestu getu, gekk marga hringi í kringum veginn og gerði allskonar tilraunir. Ég hélt „vlog“ um tilraunir mínar til þess að halda veginum hreinum og reyndi að eiga samskipti við fólk sem vandi komu sína í fuglaskoðunarkofann í Grafarvogi í gegnum stílabók sem ég kom fyrir þar. Það er vitaskuld ómögulegt fyrir eina manneskju að ætla að halda öllum Grafarveginum hreinum upp á sitt einsdæmi, það var jú niðurstaða þessarar rannsóknar sem og niðurlagið í ræðu Naomi Klein fyrir útskriftarárganginn. Það er ekki hægt að taka allan heiminn á sínar eigin herðar. Það þarf að treysta því að þú sjáir um þitt horn, ég sjái um mitt horn og að við munum hittast einhverstaðar á miðri leið.¹¹

Árið 2008 gerði belgíski listamaðurinn Francis Alÿs gjörninginn „Painting / Retoque“ í litlum bæ í Panama, að nafni Paraíso, þar sem hann tók sig til og lagfærði allar umferðarrendurnar í bænum.¹² Paraíso var um tíma partur af yfirráðasvæði Bandarískjanna í landinu vegna Panamaskurðsins, en svæðið á sér langa sögu ofbeldis vegna þessa, sem og að svæðið hafði lengi vel verið hunsað af yfirvöldum þegar kom að hverskyns viðhaldi á almenningsseign. Gjörningurinn var því einhverskonar blanda af opinberri þjónustu, þar sem það var raunveruleg þörf fyrir lagfæringar á umferðarmerkjum bæjarins, en einnig einskonar táknræn græðing á því sári sem hvíti maðurinn hafði skilið eftir sig á svæðinu. Francis Alÿs vinnur yfirleitt einn í því sem hann tekur sér fyrir hendur, og oft í svipaða átt og ég gerði í verkefninu mínu í Grafarvogi þar sem hann tekur of mikið af ábyrgð á sínar eigin herðar í einhverskonar ljóðrænu samtali við vandamál hvers svæðis sem hann vinnur inn í. Í Painting / Retoque gerði hann samfélaginu sem hann var að fást við raunverulegan greiða, þó svo að hann hafi málað með litlum málarapensli og að línurnar 80 hafi tekið hann talsvert lengri tíma en ef hann hefði fengið hjálp frá innfæddum. Þá fékk Alÿs sjálfur háleitt myndlistaverk út úr gjörningnum, en það skiptir bæjarbúa Paraíso eflaust minna máli en umferðalínurnar.¹³ Spurningin hvort að þessi gjörningur sé meira virði sem listaverk eða þjónusta við samfélagið er í rauninni ekki eitthvað sem skiptir mig máli – mikilvægara finnst mér vera að

¹¹ Mynd 4. í myndaskrá.

¹² Francis Alÿs, „Painting / Retoque“ Dagsetningu vantar. <http://francisalys.com/painting-retoque/>

¹³ Sjá mynd 5. í myndaskrá.

velta því fyrir sér hvort það geti ekki verið bæði. Verður list alltaf að vera myndlist og það sem meira er þarf alltaf að líta niður á hana ef hún hefur notagildi?

Let's take a moment

Skáldið og tónlistarkonan Kate Tempest tekst á við hvernig mannkynið er í raun borið ofurliði þegar kemur að vandamálum heimsins. Hún veltir fyrir sér aðgerðarleysi, eða áhorfendahrifum sem vandamáli. Fólk annað hvort lamast af aðgerðaleysi við tilhugsunina um öll heimsins vandamál eða er einfaldlega ekki þess umkomið að berjast fyrir betri heimi. Samfélagskerfi heimsins heldur okkur að mestu í skefjum, og heldur ef til vill óánægðasta hópnum of þreyttum til þess að orka einhverju umtalsverðu. Kate Tempest tekst í lögum sínum og skáldskap að tala til þessarar sam-lömunar sem mannkynið finnur fyrir.

Að sofa, að dreyma, að halda draumnum innan handar
Draumur fyrir hvern og einn, bannað að gráta, bannað að öskra
Bara halda því inni, halda áfram að sofa út
Hvað á ég að gera til þess að vakna?¹⁴

Verkin mín snúast oft um óljósar tengingar fólks við hvort annað og við listaverkið sjálft, það væri því eftirsóknarvert að ná að vekja upp svipaða samkennd og Kate Tempest tekst að gera í textunum sínum. Haustið 2015 vann ég seríu af verkum sem snerust að miklu leyti um mannlegar tengingar. Tengingarnar voru bæði milli mín og áhorfenda en einnig milli áhorfenda, tengingu þeirra við hvorn annan, við verkið og út í heim. Þessi sería heitir „Let's take a moment #1-3“, þar sem fyrsta verkið snerist um athöfnina sem felst í því að gefa fólki að borða og að deila mat með hóp af fólki¹⁵. Ég skipulagði mig þannig að ég gæti varpað verkinu fram um miðjan daginn þegar bekkurinn minn hafði verið að ganga á milli gjörninga á mismunandi stöðum í Reykjavík á köldum haustdegi. Þá gat ég dregið upp úr pokanum mínum heita kássu. Þetta var í fyrsta skiptið sem ég notaðist aktívt við mat í mínum verkum en það hefur fylgt mér á mismunandi máta síðan.

¹⁴ (Þýð. höf.)

To sleep, to dream, to keep the dream in reach
To each a dream, don't weep, don't scream
Just keep it in, keep sleeping in
What am I gonna do to wake up?

Kate Tempest, *Europe is Lost*, texti eftir Kate Tempest. London: Fiction Records, 2016, Spotify skrá. Sótt 12. janúar 2017 á spotify, <https://open.spotify.com/track/4ef1w42eKAXP1yRltngiOX>.

¹⁵ Sjá mynd 6. í myndaskrá.

Annað verkið setti ég upp á samsýningu sem haldin var í Kling & Bang, en þar notaðist ég aftur við mat. Þá hafði ég bakað súkkulaðikökur sem ég raðaði upp í Jenga turn og fékk áhorfendur til þess að leika með, verðlaunin voru þá að þegar þú náðir kubbi úr turninum fékkstu að borða hann¹⁶. Ég setti fólki ekki neinar reglur í raun þannig að þegar að því kom að turninn féll áttum við samtali, áhorfendurnir og listamaðurinn, um hvort að það væri leyfilegt að raða turninum upp aftur og spila annan leik, þar sem ekki allir hafi fengið kökukubb.

Þriðja og síðasta verkið setti ég upp í glerskálanum í Listasafni Einars Jónssonar.¹⁷ Verkið samanstóð af borði, stól og tesetti sem stóð á borðinu. Í tesettinu voru 9 tebollar, tekettill og tehitari sem gekk fyrir sprittkerti. Glerskálinn var alveg tómur að þessum hlutum frátöldum. Á hurðinni inn í skálann héngu tvö blöð úr japönskum pappír, með blárrí skrift. Á öðru þeirra stóðu leiðbeiningar fyrir þátttakendur verksins um að fara einir inn, drekka þrjú bolla af tei og gera ekkert annað á meðan á því stóð. Inni í glerskálanum myndaðist mikil kyrrð þar sem þátttakendur sátu umluktir gleri. Hér gat fólk fylgst með heiminum fyrir utan þennan verndarhjúp, og með fyrirmælunum að drekka þrjú bolla af rjúkandi tei var fólk í raun knúið til þess að hægja á sér. Hvort þessi litla gjöf af frjálsum tíma er einhvers virði umfram skammtíma þægindi má síðan velta fyrir sér. Sjálf var ég ekkert endilega með ákveðna niðurstöðu í huga, það er afskaplega lítil skrásetning til af verkinu, enda var verkið ekki hlutirnir inni í glerskálanum heldur hvernig hver og einn áhorfandi virkjaði þá.

Þessi þrjú verk eiga það sameiginlegt að fjalla um það að deila mat með fólki á mismunandi máta. Í fyrstu tveimur verkunum er meiri áhersla á sameiginlega upplifun og þó er hún vissulega til staðar í því síðasta. Sameiginleikinn á sér einfaldlega frekar stað inni í huga hvers og eins í staðinn fyrir að þeir séu líkamlega nærri öðrum þáttakendum. Nú á tímum er komin ágætlega löng hefð fyrir matartengdum gjörningum, allt frá fútúrískum matarboðum, til Flúxus í kring um 1960 og yfir í venslalist níunda og tíunda áratugarins. Helst eiga þessi verk sameiginlega eiginleika með venslalist og má þar til dæmis nefna Suzanne Lacey og verkefnið hennar „International Dinner Party”¹⁸, en þar var hún í samvinnu við konur allstaðar að í heiminum og fjallaði verkið þá á vissan máta um ósýnilega vinnu kvenna. Einnig er hægt að minnst á Theaster Gates og verkefnið hans „Soul Food Pavilion” en það er í raun opið matarboð þar sem eina skilyrðið er að gestir tali um ákveðið

¹⁶ Mynd 7. í myndaskrá.

¹⁷ Mynd 8. í myndaskrá.

¹⁸ C.J. Lind „International Dinner Party 2012” *Feast: Radical Hospitality in Contemporary Art*, 1. Mars, 2012, sótt 8. janúar 2017 á https://blogs.uchicago.edu/feast/2012/03/international_dinner_party_201.html.

umræðuefni yfir matnum og er þá lögð áhersla á ríka en flókna sögu matargerðar svartra Bandaríkjamanna og sambandi hennar við kynþáttafordóma. Þannig getur athöfnin að deila með sér mat myndað öruggt rými til þess að ræða hlutina á jöfnum grundvelli.¹⁹

Atvinnumennska í jákvæðni

Haustið 2015 ákvað ég að kenna sjálfri mér að gera handahlaup frá grunni. Ég hafði aldrei getað gert handahlaup. Það var í raun einhver hugsun sem stöðvaði mig alltaf, einhver eðlisávísun sem sagði mér að ég ætti ekkert að vera að demba mér á hausinn. Ég ákvað að ég myndi ekki sækjast eftir hjálp frá neinum sem kynni að gera handahlaup heldur myndi ég einfaldlega gera mitt besta og þjösnastrá áfram eins og ég gæti. Við tóku stöðugar æfingar sem ég tók upp á símann minn og á endanum náði ég að fara í handahlaup.²⁰

Hér var ég aftur að takast á við svipaða hluti og í verkefninu mínu í Grafarvogi, samt sem áður frá öðru sjónarhorni. Það er í raun firra að persónulegar lífsstílsbreytingar skipti einhverju máli í stóra samhenginu. Það er sama hversu mikið maður sleppir því að versla við ákveðnar verslanir, gerist grænmetisæta, hjólar meira eða hvað það nú er. Það eina sem þetta orkar er í raun að friðþægja okkar eigin samvisku og sannfæra okkur um að við höfum gert nóg. Þegar talað er um að byrja breytingar í sínu eigin horni er nefnilega ekki verið að tala um smávægilegar breytingar á lífsstíl heldur á nærumhverfi þínu í stærra samhengi. Kerfisbundnar breytingar er það sem leitast er eftir, en þá er jafnframt mikilvægt að fólkið sem lætur sig breytingar varða missi ekki dampinn.

Árið 2009 áttu blaðamaðurinn George Monibot og rithöfundurinn Paul Kingsnorth í bréfasamskiptum í *the Guardian* sem voru titluð „Should We Seek to Save Industrial Civilisation?“, sem yfirfærast á íslensku sem „Eigum við að sækjast eftir því að bjarga iðnaðarsamfélaginu?“²¹. Ég hef mismunandi skoðanir á skrifum þeirra félaga en þar nær George Monibot þó að koma orðum á hvernig mörgum aðgerðarsinum líður þegar hann segist í raun vera atvinnumaður í jákvæðni, en að sú iðn verði jafnframt erfíðari og erfíðari. Hér er vert að hugsa til baka til Plenty Coups og róttæku vonarinnar hans.

Kingsnorth, hefur síðan tekist á við þetta vandamál með því að stofna verkefnið „The Dark Mountain Project“ sem er einskonar skjallasafn sem hefur það markmið að halda utan

¹⁹ C.J. Lind, „Soul Food Pavilion“ *Feast: Radical Hospitality in Contemporary Art*, 22. mars, 2012 sótt 8. janúar 2017 á https://blogs.uchicago.edu/feast/2012/03/soul_food_pavilion.html.

²⁰ Mynd 9. í myndaskrá.

²¹ George Monibot og Paul Kingsnorth. „Should We Seek to Save Industrial Civilisation?“ George Monibot, 18. ágúst 2009, sótt 11. desember, 2016. <http://www.monibot.com/2009/08/18/should-we-seek-to-save-industrial-civilisation/>.

um hreyfingu rithöfunda og listamanna sem setja spurningamerki við hvernig sögur við sem jarðarbúar erum að segja sjálfum okkur á tímum gífurlegra vistkerfis- og samfélagslegra sviptinga.

Vélin er byrjuð að hökta og skelfing hefur gripið um sig meðal verkfræðinganna. Þeir velta því fyrir sér hvort þeir skilji hana ef til vill ekki jafn vel og þeir ímynduðu sér. Þeir velta því fyrir sér hvort að þeir stjórni henni eða hvort að tilfellið sé að hún sé farin að stýra þeim.²²

The Dark Mountain Project einkennist að miklu leiti af nokkurskonar brenglaðri forlagatrú, þar sem þátttakendur verkefnisins virðast flestir vera búnir að ákveða að heiminum sé ekki viðbjargandi. Það eina sem bíður mannkynsins sé algjört niðurrif á því félagslega kerfi sem við eigum að venjast ásamt fjöldaútrýmingu allra skepna á jarðarkringlunni. Þeir halda því í raun fram að það eina sem við getum gert sé að undirbúa okkur undir þennan svokallaða raunveruleika. Það er erfitt að átta sig á því hvort þetta sé í raun það sem þeir trúa eða hvort þessi hugsun sé meira gáfumannahjal milli nokkurra útvaldra listamanna sem að munu á endanum ekki þurfa að finna fyrir afleiðingum umhverfisbreytinga á eigin skinni. Það má jú finna allskonar áhugaverða vinkla í textunum þeirra en það verður seint um þá sagt að þeir fylli mann af verkvilja. Hér getur maður upplifað kraft hugsunarmáta Plenty Coups í andstæðum skilningi. Skoði maður verkefnið með það í huga að hér sé í gangi ákveðin vitsmunaleg hugarleikfimi frekar heldur en raunveruleg tillaga um hvernig hugsanamynstur sé best að tileinka sér frammi fyrir veraldarhörnungum má sætta sig við tilvistarrétt þessa verkefnis.

Rithöfundurinn Rebecca Solnit skrifaði hugvekju um mikilvægi vonar eftir að stríðið í Írak hófst fyrir alvöru og eftir endurkjör George W. Bush jr. Bandaríkjaforseta en það var tímabil sem einkenndist af miklu vonleysi hjá mörgum aðgerðarsinum.

Að vona er að veðja. Að veðja á framtíðina, á þínar eigin þrár, á þann möguleika að opið hjarta og óvissa séu betri en drungi og öryggi. Að vona er hættulegt, en samt sem áður er það andstæðan við ótta, þar sem að lifa er að taka áhættu.²³

²² (Þýð. höf.), „The machine is stuttering and the engineers are in panic. They are wondering if perhaps they do not understand it as well as they imagined. They are wondering whether they are controlling it at all or whether, perhaps, it is controlling them.” Douglas Hine og Paul Kingsnorth. „Uncivilisation: the Dark Mountain Manifesto” The Dark Mountain Project, 2009, sótt 10. janúar, 2017 á <http://dark-mountain.net/about/manifesto/>.

²³ (Þýð. höf.) „To hope is to gamble. It is to bet on the future, on your desires, on the possibility that an open heart and uncertainty are better than gloom and safety. To hope is dangerous, and yet it is the opposite of

Sjálfr sagði ég eitt sinn að sú tilhugsun að jörðin muni lifa mannkynið af rói mig. Sama hversu grátt við munum leika jörðina þá mun hún vinna úr skaðanum sem við höfum valdið henni og að á endanum muni náttúran jafna sig. Mögulega munum við fylgja henni á einhvern máta og læra á hana. Mögulega skilur hún okkur eftir. Þetta er hinsvegar ekki eitthvað sem ég myndi endilega vilja að væri innifalið í listrænni hugmyndafræði minni, enda er þetta niðurrífandi hugsun fyrir flestum, frekar heldur en uppbyggjandi. Þá má segja að Plenty Coups og Rebecca Solnit séu sammála um róttæknina sem felst í því að vonast eftir betri heimi þrátt fyrir erfiða tíma. Vonin þeirra er líka ekki óvirk, þau sitja ekki á hækjum sér og vona út í bláinn, heldur felst vonin þeirra í því að vinna stöðugt og stöðugt fyrir henni – þannig halda þau voninni lifandi, með virkri þátttöku í betrun heimsins.

Árið 2003 setti Ósk Vilhjálmsdóttir upp sýninguna „Eitthvað annað” í Gallerí Hlemmi sem má segja að sé einhversskonar góðviljað frændsystkini the Dark Mountain Project²⁴. Þar bjó hún til vettvangs fyrir fólk til þess að koma og viðra skoðanir sínar um framtíð Íslands og deila hugmyndum um hvernig mætti vinna að betra samfélagi. Það eina sem Ósk sjálf kom fyrir inn í rýminu voru borð og stólar, korktöflur og kaffi. Hún boðaði síðan til ýmissa mismunandi málfunda eins og t.d. „Listin og samfélagið” og „Hvað er gott líf?” þar sem hver og einn gat komið og viðrað skoðanir sínar með titil verkefnisins, „Eitthvað annað”, að leiðarljósi. Með þessum titli er þeirri einföldu hugsun að yfirstandandi ástand efnishyggjunnar verði að breytast laumað að okkur.

Það er ákveðin tilhneiging hjá samfélagsmiðuðum listamönnum að skapa svona umræðuvettvang. Joseph Beuys vann mikið með þetta á áttunda áratugnum, t.a.m. á Documenta 6 árið 1977, þar sem hann setti upp verkið „Free International University“ en það gekk út á að bjóða fólki upp á ýmiss konar fríar kennslustundir, ræðuhöld og fleira. Verkið var að hluta til óformlegur skóli, að hluta til einskonar gjörningur. Innan um þessa óformlegu skóla fléttaðist skúlptúr sem Beuys kallaði „Honey Pump in the Workplace”. Verkið samanstóð af pumpu sem pumpaði hunangi um leiðslur sem hlykkjuðust um rýmið, með þessu vildi Beuys kalla fram ákveðna myndlíkingu þar sem hunangið stóð fyrir sköpunarkraftinum sem hríslaðist um rýmið þegar fólk safnaðist saman til þess að læra og skapa sem ein heild. Joseph Beuys vann talsvert með gjörninga af þessu tagi eftir því sem á

fear, for to live is to risk.” Rebecca Solnit, *Hope in the Dark: Untold Histories, Wild Possibilities*. (Haymarket Books, 2016) bls. 4.

²⁴ Ósk Vilhjálmsdóttir. „Opnunarræða” Ósk Vilhjálmsdóttir, 11. janúar, 2017. <http://osk.this.is/page40/page15/page28/page28.html>.

leið á áttunda áratuginn og áfram, hann kallaði þetta félagslegan skúlptúr (e. social sculpture), en Beuys vildi meina að með list mætti endurhugsa samfélagið. Vísi að þessari hugsun má til að mynda finna í því hvernig Occupy hreyfingin hefur skipulagt sig en þar eru allar ákvarðanir teknar á því sem meðlimir kalla Allsherjarsamkomu (e. General Assembly). Þar hafa allir sem mæta rödd og stuðst er við táknið til þess að miðla skoðunum. Occupy stóð einnig fyrir margskonar listviðburðum og stuttum skólum í mismunandi róttækri hugsun en þar er auðvelt að sjá tenginguna við félagslega skúlptúr Josephs Beuys.²⁵

Flatbökusamsteypan

Sjálf er ég hluti af verkefni sem kallast Flatbökusamsteypan, sem er þverfaglegt samvinnuverkefni milli LHÍ og Umhverfis - og auðlindafræðideildar Háskóla Íslands. Verkefnið snýst um að skapa umræðu um staðbundinn lífsmáta og þar nýtum við okkur flatbökuna sem myndlíkingu fyrir heiminn. Yfirlýst markmið okkar er að búa til alislenska flatböku, sem okkur tókst sumarið 2016. Þetta verkefni hefði ekki orðið til nema fyrir tilstilli Konnect verkefnisins sem er samvinnuverkefni Stofnunar Sæmundar Fróða, Listaháskólans og fjölda annarra stofnana, en markmið Konnect er að mynda tengsl milli listamanna og raunvísindamanna í þeirra eigin heimalandi. Í verkefninu var hópur af list- og hönnunarnemum og hópur af nemum úr Háskóla Íslands. Við, nemarnir, fórum upp í sveit þar sem við fengum frítíma til þess að spjalla saman og skapa. Þegar við mynduðum fyrst hópa okkar á milli sóttumst við, sem síðar urðum Flatbökusamsteypan, í að eyða tíma í glerskála sem var á svæðinu, einfaldlega vegna þess að það var róleg stemming þar. Við enduðum á löngu spjalli um angistina sem grípur okkur alltaf þegar við hugsum um ástand heimsins og getuleysið sem heldur okkur fönnum. Á endanum ákváðum við að ef að það eina sem kæmi út úr þessu verkefni væri að við mynduðum milli okkar allra vinarbönd þá væri markmiðinu náð. Við gerðum þó talsvert meira en bara það. Við gerðum heimildarmynd um flatbökugerðarferlið þar sem við ferðuðumst um landið í leit að hinum ýmsu hráefnum í flatbökuna okkar. Með þessu vildum við veita fólki innblástur til þess að tileinka sér staðbundnari lífsmáta með því að sýna fram á hversu auðvelt það er í raun að miða valdi sínu sem neytandi til innlendra ræktenda. Það rættist fallega úr hverju vandamáli sem varð á vegi okkar við gerð flatbökunnar, hvort sem það var að finna hveiti í deigið eða tómata í hæsta

²⁵ Erika Biddle, „Re-Animating Joseph Beuys' “Social Sculpture”: Artistic Interventions and the Occupy Movement” *Communication and Critical/Cultural Studies*. 11. janúar, 2017. <http://dx.doi.org/10.1080/14791420.2013.830810>

gæðaflokki. Annað markmið hjá okkur var einfaldlega að skapa umræðu um þau málefni sem tengjast þessu verkefni. Þar mætti telja upp stuðning við innlenda ræktun á grænmeti, framleiðslu á hverskyns vörum innanlands og staðbundna lífshætti. Það er ákveðið vandamál hjá aðgerðarsinum í loftslagsmálum hvernig þeir eyða miklu púðri í að ferðast á milli staða (oft með flugvél eða öðrum virkilega mengandi ferðamátum) til þess að segja hvorum öðrum frá hlutum sem að þeir vita nú þegar. Markmið Konnect var því að byrja vinnuna í hverju heimalandi, sækja í sérfræðinga innan hvers landsvæðis og mætast að lokum í miðjunni, eins og Naomi Klein talar einmitt um í *This Changes Everything*.²⁶²⁷

Lokaorð

Rithöfundurinn Kurt Vonnegut var ávallt mjög andvígur stríðsrekstri og varð tíðrætt um reynslu sína af þeirri mótmælaöldu sem reis til móts stríðinu í Víetnam. Þar talaði hann um hvernig allir listamenn með vott af sjálfsvirðingu hafi einsett sér að mótmæla stríðinu, að vilji þessa fjölbreytta og oft sundurleita hóps hafi safnast saman í brennidepil á stjórnvöld. Það kom á daginn að krafturinn sem fólst í þessu nýja vopni var á við rjómatertu sem fellur úr nokkurra metra hárrí tröppu.²⁸

Þetta sjónarhorn Vonneguts á samansöfnuðum krafti allra bandarískra listamanna, rithöfunda, uppistandara, skálda, o.s.frv., er eflaust örlítið svartsýnt. En bara örlítið. Á endanum er erfitt að finna raunverulegt tilvik þar sem list hefur á marktækan máta valdið talsverðum samfélagslegum breytingum, en hún hefur svo sannarlega ekki ekki valdið breytingum. List, í stóra samhengi sögunnar, virkar kannski svolítið eftir á litið eins og skilti sem listamaðurinn heldur upp úr ringulreið samtímans. Tímar sem einkennast af miklum harðindum væru eflaust talsvert erfiðari ef listarinnar nyti ekki við.

²⁶ Flatbökusamsteypan. „Flatbökusamsteypan.” *Flatbökusamsteypan*, dagsetningu vantar. Sótt 3. janúar, 2017. www.flatbokusamsteypan.com

²⁷ Konnect. „What is Konnect?” *Konnect: A Nordic Project connecting arts and environmental sciences*, 11. janúar, 2017. www.konnect.hi.is

²⁸ (Þýð. höf.) „I’m an old guy, and I was protesting during the Vietnam War. We killed fifty Asians for every loyal American. Every artist worth a damn in this country was terribly opposed to that war, finally, when it became evident what a fiasco and meaningless butchery it was. We formed sort of a laser beam of protest. Every painter, every writer, every stand-up comedian, every composer, every novelist, every poet aimed in the same direction. Afterwards, the power of this incredible new weapon dissipated. Now it’s like a banana cream pie three feet in diameter dropped from a stepladder four feet high.” David Barsamian, „Kurt Vonnegut Interview” *The Progressive*, 12. júní 2003. Sótt 6. Janúar á http://www.progressive.org/mag_intv0603.

Aux armes, citoyens,
Formez vos bataillons,
Marchons, marchons!
Qu'un sang impur
Abreuve nos sillons!

Til vopna, borgarar,
Myndið fylkingar ykkar,
Gangið fram, marserið!
Látið óhreint blóð
Gegnbleyta akra vora²⁹

Það er frægt atriði í kvikmyndinni Casablanca sem kristallar þessa hugsun ágætlega. Kvikmyndin gerist að miklu leiti á bar þar í bæ, en þar sem Casablanca var hlutlaus í seinna stríði mátti finna þar góðan þverskurð af flóttamönnum allstaðar að, en Casablanca var jafnframt undir stjórn nasista. Í umtöluðu atriði byrja nasistarnir að syngja þjóðernislagið Die Wacht am Reich og það sést hvernig lagið leggst eins og þung mara yfir flóttamennina en þá mætir söguhetjan okkar (sem að vert er að minnast á að í anda Grab Bag Theory Ursulu le Guin er alls ekki hin klassíska hetja) og krefst þess að húsbandið byrji að spila þjóðsöng frakka, La Marsellaise.³⁰ Staðurinn tekur undir og að lokum yfirgnæfa flóttamennirnir nasistana, sem er áhrifamikið í sjálfu sér svo ekki sé minnst á innihald söngsins sjálfs sem er ekkert titrandi smáblóm, heldur blóði drifnir fánar og uppreisn almúgans gegn ógnarstjórn. Casablanca kom út árið 1942 en Þýskaland hertók Frakkland árið 1940 sem þýðir að myndin hefur verið skrifuð og tekin upp á þessum tveimur árum.³¹ Þetta var engin rómantísk fortíðarsaga heldur blákaldur raunveruleiki fjölmargra á þessum tíma. Ennþá áhrifameiri verður sagan þegar maður lærir að flestir aukaleikarar myndarinnar voru flóttamenn sem höfðu flúið Evrópu vegna stríðsins. Þá var það einnig þekkt að þýskir gyðingar tóku að sér að leika nasista í kvikmyndum í Hollywood. Það eru því raunveruleg tár í augum aukaleikaranna þegar La Marsellaise yfirgnæfir Die Wach am Reich.³²

Þegar hugsað er um list sem aktívisma er vert að hafa í huga að list á oft erfitt uppdráttar hjá aðgerðarsinum. Nútímalist virðist oft á tímum vera að hampa óbreyttu ástandi í því hvernig hún rífur heiminn niður til þess að þjóna sínum tilgangi. Hinsvegar gefur þessi óvirðing fyrir heiminum henni vald til þess að fjalla um hann á gagnrýninn máta. List og aðgerðarhyggja eru því ekki ósamrýmanlegir hlutir þar sem list getur ljáð aðgerðarhyggju ákveðin vopn í hendur.³³

²⁹ Claude Joseph Rouget de Lisle. *La Marsellaise*. Texti eftir C.J. Rauged de Lisle, 1792, Strasbourg. Sótt 9. janúar á <http://www.marseillaise.org/english/background.html>.

³⁰ Michael Curtiz, *Casablanca*, DVD (Los Angeles: Warner Bros., 1942.)

³¹ Henning Poulsen. *Saga mannkyns ritröð AB: 13. bindi, Stríð á stríð ofan*. Gunnar Stefánsson þýddi. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1985, bls. 195.

³² Scott Bensons, *You Must Remember This: A Tribute to 'Casablanca'*. DVD. Turner Entertainment, 1992.

³³ Boris Groys, „On Art Activism.” E-flux, júní 2014. Sótt 9. janúar 2017 á <http://www.e-flux.com/journal/56/60343/on-art-activism/>

Heimildaskrá

Bækur:

le Guin, Ursula K. *The dispossessed*. Hachette UK, 2015.

Haraway, Donna J. *Staying with the trouble: Making kin in the Chthulucene*. Duke University Press, 2016.

Klein, Naomi. *This changes everything: Capitalism vs. the climate*. Simon and Schuster, 2015.

Lear, Jonathan. *Radical hope: Ethics in the face of cultural devastation*. Harvard University Press, 2006.

Poulsen, Henning. *Saga mannkyns ritröð AB: 13. bindi, Stríð á stríð ofan*. Gunnar Stefánsson þýddi. Reykjavík: Almenna bókafélagið. 1985.

Solnit, Rebecca. *Hope in the dark: Untold histories, wild possibilities*. Haymarket Books, 2016.

Vefheimildir:

Alÿs, Francis. „Painting / Retoque” *Francis Alÿs*, 2008. <http://francisalys.com/painting-retoque/>.

Barsamian, David. "Kurt Vonnegut Interview" *The Progressive*, 12. júní 2012. Sótt 6. janúar, 2017. http://www.progressive.org/mag_intv0603.

Biddle, Erika. „Re-Animating Joseph Beuys' “Social Sculpture”: Artistic Interventions and the Occupy Movement” *Communication and Critical/Cultural Studies*. 23. September 2013. Sótt 11. janúar, 2017 á <http://dx.doi.org/10.1080/14791420.2013.830810>.

Flatbökusamsteypan. „Flatbökusamsteypan.” *Flatbökusamsteypan*, dagsetningu vantar. Sótt 3. janúar á www.flatbokusamsteypan.com.

Groys, Boris. „On Art Activism.” *E-flux*, júní 2014. Sótt 9. janúar 2017 á <http://www.e-flux.com/journal/56/60343/on-art-activism/>.

Hine, Dougal og Paul Kingsnorth. „Uncivilisation: the Dark Mountain Manifesto” *The Dark Mountain Project*, dagsetningu vantar. Sótt 10. janúar, 2017 á <http://dark-mountain.net/about/manifesto/>.

Klein, Naomi. "Climate Change Is a Crisis We Can Only Solve Together." *The Nation*, 17.

júní 2015. Sótt 4. janúar 2017 á <https://www.thenation.com/article/we-can-only-do-this-together/>.

Konnect. „What is Konnect?” *Konnect: A Nordic Project connecting arts and environmental sciences*, dagsetningu vantar. Sótt 11. janúar, 2017 á www.konnect.hi.is.

Lind, C.J. „International Dinner Party 2012” *Feast: Radical Hospitality in Contemporary Art*, 1. Mars, 2012.
https://blogs.uchicago.edu/feast/2012/03/international_dinner_party_201.html.

Lind, C.J. „Soul Food Pavilion” *Feast: Radical Hospitality in Contemporary Art*, 22. mars 2012. https://blogs.uchicago.edu/feast/2012/03/soul_food_pavilion.html

Monibot, George og Paul Kingsnorth. „Should We Seek to Save Industrial Civilisation?” *George Monbiot*, 18. ágúst 2009. Sótt 11. desember, 2016 á <http://www.monbiot.com/2009/08/18/should-we-seek-to-save-industrial-civilisation/>.

Ósk Vilhjálmsdóttir. „Opnunarræða” *Ósk Vilhjálmsdóttir*, 8. febrúar 2003. Sótt 4. janúar 2017 á <http://osk.this.is/page40/page15/page28/page28.html>.

Annað:

Bensons, Scott. *You Must Remember This: A Tribute to 'Casablanca'*, DVD (Turner Entertainment, 1992.)

Claude Joseph Rouget de Lisle. *La Marseillaise*. Texti eftir C.J. Rauged de Lisle. 1792, Strasbourg. Sótt 9. janúar á <http://www.marseillaise.org/english/background.html>.

Curtiz, Michael. *Casablanca*, DVD (Los Angeles: Warner Bros., 1942.)

Kate Tempest. *Europe is Lost*. Texti eftir Kate Tempest. London: Fiction Records, 2016, Spotify skrá. Sótt 12. janúar 2017 á spotify, <https://open.spotify.com/track/4ef1w42eKAXP1yRltngiOX>.

Myndaskrá

Mynd 1.



Ágústa Gunnarsdóttir. *R.I.P.* Ljósmynd af þresti í vefaðri körfu, tilbúinn til greftrunar. 2014.

Mynd 2.



Ágústa Gunnarsdóttir. *R.I.P.* Ljósmynd af smyrnuðu veggteppi sem gert var sem minnisvarði fyrir þröstinn í mynd 1. Í einkaeign. 2014.

Mynd 3.



Ágústa Gunnarsdóttir. *Jarðbundna veran þín, þú*. Viðarkassi fullur af mold er staðsettur inni í sýningarrými, þar er einnig aðstaða til þrifa. 2016.

Mynd 4.



Ágústa Gunnarsdóttir. *Grafarvogur er mikilvægur fyrir fuglalíf á heimsmælikvarða.*
Stilla úr vloggi sem haldið var um hreinsun Grafarvogs sem partur af stærra verkefni.

2015.

Lengd: 26:00

Vefslóð á verk í heild: <https://www.youtube.com/watch?v=OwqhojUzFIE&t=765s>

Mynd 5.



Francis Alÿs. *Painting / Retoque*. Stillur úr myndbandsskráningu á gjörningi Alÿs. 2008. Sótt 9. janúar 2017 á <http://francisalys.com/painting-retoque/>.

Mynd 6.



Ágústa Gunnarsdóttir. *Lets take a moment #1*. Skjáskot úr myndbandsupptöku af gjörningi. 2015.

Lengd: 06:25

Vefslóð á verk í heild: https://youtu.be/pvvFgwoN_wI

Mynd 7.



Ágústa Gunnarsdóttir. *Let's take a moment #2*. Skjáskot úr myndbandsupptöku af gjörningi. 2015.

Lengd: 03:58

Vefslóð á verk í heild: <https://youtu.be/hJZFDCT5DTw>

Mynd 8.



Ágústa Gunnarsdóttir. *Let's take a moment #3*. Myndskráning á aðstæðum gjörnings sem var vísitandi lítið skrásettur. 2015.

Mynd 9.



Ágústa Gunnarsdóttir. 15 vikur. Skjáskot úr skrásetningu á handahlaupsæfingum. 2015.

Lengd: 04:14

Vefslóð á verk í heild: <https://www.youtube.com/watch?v=G5mgZ0Vr5T8>